

22. september 2010

Frá þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis  
Til allsherjarnefndar

Við atkvæðagreiðslu á Alþingi í morgun var samþykkt að vísa tillögum til þingsályktana um málshöfðun gegn ráðherrum, málum nr. 706 og 707, til þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, á milli fyrri og síðari umræðu. Þingmannanefndin hefur á fundi sínum í dag ákveðið að leita álits allsherjarnefndar Alþingis. Leggur þingmannanefndin sérstaka áherslu á að allsherjarnefnd fjalli um og veiti umsögn um það hvort lög um landsdóm, nr. 3/1963, og lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, standist gagnvart 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 en þar segir:

*„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákærur á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómistóli. Dómping skal háð í heyrandi hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmunu málsaðila.*

*Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“*

Þau álitaefni sem einkum þarf að skoða í þessu sambandi og varða ráðherraábyrgð eru að fjallað er um slík mál á einu dómtigi, fyrir landsdómi, réttarstaða ráðherra við meðferð málsins og skýrleiki c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga sem refsheimilda.

Sjö af níu nefndarmönnum í þingmannanefndinni telja að ákvæði ráðherraábyrgðarlaga og laga um landsdóm standist ákvæði 70. gr. stjórnarskráinnar og vísa um það til rökstuðnings í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherra sbr. þskj. nr. 1502, mál nr. 706, og til þingræðna sinna við fyrstu umræðu.

Um sjónarmið og rökstuðning tveggja nefndarmanna, Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og Unnar Brá Konráðsdóttur, er vísað til þingræðna þeirra.

Það skal tekið fram að þingmannanefndin fjallaði ítarlega um framangreind álitaefni á mörgum fundum áður en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út og eftir útkomu hennar og leitaði til sérfræðinga um ráðgjöf.

Til samræmis við framangreint sendir þingmannanefndin allsherjarnefnd til umsagnar tillögur til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum, mál nr. 706 og 707.

Frestur allsherjarnefndar til að skila áliti sínu er til kl. 16.30 föstudaginn 24. september nk.

Fyrir hönd þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.  
Benedikt S. Benediktsson nefndarritari.